

Desember 2006  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Ísólfur Gylfi  
Pálmason  
Heimasíða:  
www.fludir.is

# Pési

## Lesið þetta

- Nýtt byggðamerki
- Sorphreinsun
- Auglýsingar
- Félagsfréttir
- Litlu jólin
- Handavinnustofa
- Flugvöllur

Næsti Pési kemur út 12. janúar. Skil á efni er 9. janúar

## Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Gulróta-snakk	3
Miklós slær í gegn	4
Reiðhöll	8
Leikskólinn	13
Hrunaspjall	22
Smárafréttir	25
Kvenfélagið	26

## Nýtt byggðamerki

Við erum stolt af því að geta nú í jólaútgáfu og afmælisútgáfu Pésans kynnt nýtt byggðamerki okkar. Það er unnið af heimamanninum, Jóhnesi Þoreifssyni frá Hverabakka. Alger samstaða var um merkið í hreppsnefnd Hrunamannahrepps. Lesa má meira um merkið og hvaða tákni eru í því annarsstaðar í Pésanum. Merkið verður sett á bréfsefni og annað sem sent verður út frá skrifstofu hreppsins. Einnig verður gerðu fáni með merkinu.



Hrunamannahreppur

## 200. tölublað Pésans

Þetta er 200. tölublað Pésans og er hann nú orðinn eitt elsta fréttablað sveitarfélaga á landinu. Pésinn nýtur mikilla vinsælda og er mikið lesinn. Fjölmarginir áskrifendur eru

að blaðinu sem er dreift til áskrifenda víðsvegar um land. Pésinn á sér nafna í Bolungarvík en hann er kornabarn og hefur komið einu sinni út. Kannski Pésinn sé afi hans?

Ágæti lesandi!

Enn berst þér nýr Pési í hendur. Þessi Pési er sérstakur af þeim sökum að þetta er 200. tölublað. Lítið fréttablað sem þetta skiptir talsverðu máli fyrir íbúa hreppsins og reyndar fleiri. Fjölmargir áskrifendur eru að Pésanum víðsvegar um landið, bæði fólk sem ættað er úr hreppnum, sumarhúsaeigendur og margir fleiri. Fyrsti ritstjóri Pésans var Eiríkur Ágústsson, kennari og garðyrkjumaður. Svanhildur Pétursdóttir, skrifstofustjóri tók við af Eiríki en hún sér um útgáfu þessa, undirritaður hefur þennan titil eftir að hann tók til starfa hér sem sveitarstjóri. Oft er vitnað í fréttir úr Pésanum bæði alvarlegar og einnig þær sem eru með léttari hætti. Við leggjum áherslu á að vekja athygli á því helsta sem er á döfinni hverju sinni og þess vegna er fólk hvatt til þess að gauka einhverju fréttæmu til okkar. Við leggjum líka áherslu á að vekja athygli á jákvæðum fréttum og ýmsu sem okkur finnst sjálfsagt en oft liggur mikil vinna að baki. Gott dæmi um slíkan viðburð er aðventukvöld sem haldið var fyrsta sunnudaginn í aðventu. Aðventukvöldið sem í raun er fyrsti vísir að undirbúningi jólahátíðarinnar og tókst í alla staði vel. Séra Eiríkur Jóhannsson og allt það góða fólk sem leggur honum og um leið okkur hinum lið við að skapa jólastemningu eiga þakkir skilið. Það er einnig ánægjulegt að tengja saman kynslóðirnar unga fólkíð sem er í Barnakór Flúðaskóla, þar sem margur verðandi snillingar steig á stökk undir stjórn Magneu Gunnarsdóttur. Þarna gætu einnig leynst ungir skemmtikraftar svo fín og brosmild voru börnin. Þá söng kirkjukórinn sem er í senn fjölmennur og syngur með miklum ágætum undir stjórn Editar Molnar. Þátttaka í hátíð sem aðventuhátíð, er uppbyggileg fyrir alla unga og aldna. Desember mánuður er annasamur mánuður hjá fólki. Undirbúningur jólanna er með mismunandi hætti hjá fólki, allt eftir aðstæðum, fjölskyldum og fjölskylduástæðum. Við upplifum oft jólin í gegnum gleði og eftirvæntingu barnanna okkar eða barnabarnanna. Það er ósk okkar og von að við megum öll eiga gleðileg jól og við hægjum á okkur í amstri og áhyggjum dagsins þegar jólahátíðin hefur gengið í garð. Í erli og önn dagsins er svo gott að upplifa jólakyrrið til í-hugunar og eiga samvistir við fjölskyldu og frænd- og vinafólk. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps óskar íbúum og starfsmönnum hreppsins gleðilegra jóla.

Ísólfur Gylfi Pálmason,  
Sveitarstjóri.

## Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

### **Sveitarstjórinn ekki í framboð**

Sveitarstjórinn ykkar hefur ákveðið að fara ekki í framboð fyrir Alþingiskosningar nú í vor. Hann er þó afar þakklátur öllu því fólki sem hvatt hefur hann til áframhaldandi starfa á Alþingi. Hins vegar hefur hann meiri áhuga á störfum hér í Hrunamannahreppi en að taka þátt í prófkjörsbaráttu og Alþingiskosningum. Þetta þýðir að þið sitjið uppi með sveitarstjóranum enn um sinn en 1. desember s.l. eru liðin þrjú ár frá því hann tók formlega til starfa sem sveitarstjóri Hrunamannahrepps.

### **Gulrótasnakk - hugmyndasamkeppni um vörumerki**

Athafnafólkið Ragnhildur Þórarinsdóttir eigandi SR grænmetis og Pálmar Þorgeirsson eigandi Flúðaleiða hafa komið með á markaðinn nýja vöru, svokallað Gulrótasnakk. Sérstök vél skrælir gulræturnar og þakkar. Hér er um fínt og hollt snakk að ræða í skemmtilegum umbúðum. Þau efndu til samkeppni um merki á umbúðir hér í Flúðaskóla á síðasta vetri í samvinnu við Sigríðar Helgu Olgeirsdóttur listakonu og kennara. Mjög skemmtileg mynd er utan á umbúðunum sem minnir okkur á hollustu vörunnar. Til hamingju með þessa nýjung nú er bara að halda áfram því ekkert fer meira í taugaarnar á okkur en blekkingar innflytjenda þegar þeir láta líta út fyrir að innflutta grænmetið sé Íslenskt.

### **Þær klikka ekki kvenfélagskonurnar!**

Einn af þeim þáttum sem eru undanfari jólahaldsins hér í hreppnum er jólabasarinn sem Kvenfélag Hrunamannahrepps stendur fyrir árlega. Að þessu sinni var basarinn haldinn fyrsta sunnudag í aðventu. Þar leggja margir fram krafta sína og mikla vinnu til fjáröflunar til góðgerðastarfa og allt í sjálfboðaliði. Anna Ásmundsdóttir sem er núverandi formaður félagsins stýrir því af krafti og reisn. Kvenfélagskonum er þakkað fyrir ómetanlegt starf byggðarlaginu til heilla.

## **Kiwanisklúbburinn Gullfoss**

Félagar í Kiwanisklúbbnum Gullfossi hafa sent út upplýsingarit um félagið og hvetja menn til þátttöku í því. Kiwanisklúbburinn er rötgróinn í hreppnum og hefur unnið mikið með kiwanismönnum á Sel-fossi. Klúbbfélagar hafa margt gott lánið af sér leiða í mannúðarskini og á öðrum vettvangi. Kiwanismenn hafa verið mjög áhugasamir um uppgræðslu á afréttinum og hafa ásamt mörgum öðrum lagt þar gjörva hönd að verki. Forseti klúbbsins er Jóhannes Sigmundsson hinn þrautþjálfaði félagsmálamaður. Ungir menn og aldnir eru hvattir til þess að kynna sér störf félagsins og taka þátt í því starfi eftir föngum

## **Hálkuvörn**

Hrunammahreppur hefur gegnið frá samningi til fjögurra mánaða við fyrirtækið Plast og Suðu ehf. um að sjá um snjómokstur og hálkuvörn við helstu stofnanir hreppsins. Á sama hátt hafa önnur fyrirtæki samið við fyrirtækið. Glöggir menn telja að Einar Harðarson sitji við viðtækið til þess að fylgjast með veðurspánni. Í samningnum er gert ráð fyrir að búið verði að salta og sanda milli skóla og félagsheimilis áður en skólahald hefst.

## **Miklos og tónleikarnir**

Honum Miklós Dalmay er ekki fisjað saman. Undan farin fjögur mánudagskvöld hefur hann leikið 18 sönötur Mozarts en þess er minnst að 250 ár eru liðin frá fæðingu hans. Hér er um mikið þrekvirki að ræða og hafa áheyrendur dáðst að fingrafimi og leikni meistara Miklósar. Einn gangrýnandinn kvartaði þó yfir því að hann notaði petalann á hægri fæti full mikið í trillunum. Er hægt að vera smámunarsamari í gagnrýninni? Þetta er svipað og þegar hestamenn geta ekkert fundið að fallegum gæðingum nema það að skeifurnar mættu fara ör-lítið betur. Að öllu gamni slepptu hafa margir leikmenn og listamenn lýst yfir dálæti sínu á flutningnum. Þetta var mikið afrek sem áheyrendur kunnu afar vel að meta. Við getur verið stolt af okkar manni!

## **Listaverkanefndin að verki**

Listaverkanefndin okkar, sem er skipuð Þorleifi Jóhannessyni, Sigríði Helgu Olgeirsdóttur og Helgauteitsdóttur fundar stíft þessa dagana. Listamennirnir Brynhildur Þorgeirsdóttir og Helgi Gíslason hafa nú sent inn tillögur að listaverki. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort verkið verði fyrir valinu en þau eru í senn sérstæð og falleg. Spennandi verður að sjá hvort verkið verður fyrir valinu.

## **Jólatré við Heimaland**

Fallegt grenitré stendur við Heimaland íbúðir aldraðra hér á Flúðum. Um langt skeið hafa þeir bræður Úlfar, Einar og Torfi Harðarsynir og oft frændi þeirra Júlíus Sveinsson skreytt hið fallega grenitré með ljósaskreytingu fyrir jólin. Frá árinu 1997 hefur þurft að nota sérstök tæki við skreytinguna þar sem tréið er orðið það stórt. Þetta er gott og þakklátt verk og lýsir góðum hug. Lesa má sérstakt þakkarbréf frá íbúum á Heimalandi sem við tókum heilshugar undir.

## **Breyting á sorphreinsun eftir áramót.**

Á síðasta fundi hreppsnefndar þar sem fjárhagsáætlun var lögð fram til fyrri umræðu var samþykkt að breyta sorphreinsun með þeim hætti að nú verði sorpið tekið hálfsmánaðarlega frá heimilum í hreppnum. Fyrirtæki verða að semja við verktakann um sorphreinsun og kappkosta að flokka sorp og minnka umfang þess. Þetta er gert í sparnaðarskyni því í fyrstu áætlun er gert ráð fyrir að greiða 7. milljónir með sorphreinsuninni sem er auðvitað allt of mikið. Ef vel ætti að vera ættu sorphreinsunargjöld að standa undir sorphreinsun sem þau gera alls ekki. Þeir aðilar sem vilja láta hreinsa sorpið vikulega verða að láta vita og það verður tekið sérstakt gjald ef um slíka þjónustu verður að ræða. Við vitum hins vegar að nauðsynlegt er að hreinsa sorp vikulega frá ákveðnum aðilum og verður það skoðað sérstaklega ásamt gjaldtöku.

## **Litlu jólin**

Mikið stendur til bæði í skóla og leikskóla í tilefni jólanna. Litlu jólin verða haldin 19. desember n.k. að vanda mun hljómsveit leikskólans leika þar sem Garðar Olgeirsson þenur nikkuna, Unnsteinn Eggertsson ber húðir og Ísólfur Gylfi leikur á gítar. Kristín Magdalena mun leiða sönginn enda lagviss og vel menntaður söngvari.

## **Glæsilegt nýtt merki Hrunamannahrepps**

Lesendur hreppsins hafa fylgst með því að um tíma höfum við verið að láta vinna að því að Hrunamannahreppur eignist sitt eigið merki eða “logo” eins og þetta er stundum kallað þegar fagmenn sletta fagheitum. Það var líklega árið 1990 sem fyrst var haldin samkeppni um merki hreppsins. Ekki varð úr að ljúka ákvörðun um merkið þá. Við auglýstum eftir tillögum á þessu ári og nokkrar hugmyndir bárust sem við þökkum. Athyglisverðustu hugmyndirnar komu frá ungum heima-manni, Jóhannesi Þorleifssyni sem er grafískur hönnuður og hefur nýlega lokið flugmannsprófi. Hér er um afar fallegt merki að ræða. Merkið á að minna okkur á Miðfellið, gróandann, stuðlabergið o.fl. sem einkennir okkar fallega hrepp. Alger samstaða var í hreppsnefndinni um merkið og erum við stolt af því og hinum unga listamanni sem hannaði það.

## **Brenna í landi Sunnuhlíðar**

Að vanda hefur Tómas Þórir af stakri natni og hirðusemi safnað í myndarlegan bálköst fyrir áramótin. Guðjón Birgisson mun standa sína plikt og vera brennustjóri. Ef allt fer að skilum hefst brennan kl. 20.30 á gamlaárskvöld. Ef veður verður óhagstætt frestast brennan fram á þrettándann en við vonum að sjálfsögðu að til þess komi ekki.

## **Skemmtileg heimsókn.**

Á fullveldisdaginn 1. desember komu ungmenni úr Flúðaskóla í heimsókn á hreppskrifstofuna og reyndar í önnur fyrirtæki og stofnanir í hreppnum. Nemendurnir lásu uppúr Stjórnarskrá Íslands, fóru með ljód og ýmsan annan fróðleik. Hér var um afar skemmtilegar heimsóknir að ræða og sýndu ungmennin svo sannarlega hvað í þeim býr. Það er ánægjulegt að tengja skólastarfið við aðra starfsemi í hreppnum fyrir utan það hve nemendur hafa gott af því að lesa og ræða málin við ókunnuga.

## **Handavinnustofa í undirbúningi.**

Í húsnaði gamla leikskólans í íþróttahúsinu er nú góð aðstoð við hand- og myndmenntarkennslu. Hins vegar höfum við ekki leyst til fram-búðar aðstoðu til smíðakennslu. Nú liggja frammi tillögur varðandi breytingar í Flúðaskóla varðandi smíðakennsluna. Guðjón Sigfússon, verkfræðingur á Selfossi hefur unnið að þessum tillögum í samvinnu við skólayfirvöld.


# Jólakveðja

Sendum lesendum Pésans, starfsmönnum- og íbúum Hrunamannahrepps hugheilar jóla og nýárskveðjur. Sveitarstjóri og Hreppsnefnd Hrunamannahrepps.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps  
Opnunartími hreppsskrifstofu um hátíðarnar  
27,28. og 29 desember er opið  
Frá kl. 10:00-12:00 og 13:00-16:00.  
Gleðileg jól*



## *Jólakveðja frá Hótel Flúðum*



*Óskum viðskiptavinum okkar og sveitungum,  
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða  
Starfsfólk Hótel Flúða*

## Frá Útlaganum

Sendum viðskiptavinum og sveitungum  
hugheilar jóla og nýárskveðjur.  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**Minum á skötuna sem verður á sínum stað á Þorlá-  
kmessu**

FÖSTUDAGSHVÖLDIÐ 29.DES.MUN HLJÓMSVEITIN  
**DIRRINDÍ** SPILA Á ÚTLAGANUM.

## Flugvöllur og reiðhöll.

Þessi málefni eru að verða efni í spennandi framhaldssögu.

Það virðist ríkja ákveðin misskilningur hjá flugáhugamönnum um vilja Á-listans varðandi flugvöllinn. Ef einhver er búin að gleyma því þá sitja Gunnar Hallgrímsson og Esther Guðjónsdóttir í hreppsnefnd fyrir Á-listan og erum við í minnihluta. Við höfum aldrei viljað leggja flugvöllinn niður eða rífa niður starfsemi hans.

Það er yfirlýst stefna hjá Á-listanum að vilja færa flugvöllinn og auka hann og efla annarstaðar, jafnvel í samvinnu við nágranna-sveitarfélögin svo enn fleiri geti notið hans. Flugvöllurinn þarf ekki að fara langt. Barátta flugáhugamanna fyrir að fá flugvöll á sínum tíma er virðingarvert og gott verk, en nú hefur byggðin á Flúðum þanist út og Hrunamannahreppur á nú landið undir flugvellinum þannig að aðstæður hafa breyst mikið frá því sem var.

Það væri óskandi að það gæfi sig fram landstór flugáhugamaður sem gæti hugsað sér að leggja land sitt undir flugvöll, ekki langt frá Flúðum og að það væri jafnvel enn betri staðsetning en nú er. Þannig varð flugvöllurinn til á sínum tíma. Það yrði flugáhugamönnum, sveitarfélaginu og sérstaklega Flúðahverfinu, til mikilla hagsbóta og framdráttar ef það gæti orðið sátt um þetta mál.

Það er ekki bara út af reiðhallarmálum sem þessi umræða spinnst. Nú er búið að skipuleggja iðnaðarbyggð vestan við flugvöllinn, tjaldsvæði sunnan við og stór íbúðar og búgarðabyggð er á kortinu líka. Það þrengir óneitanlega að flugvellinum og hann getur ekki stækkað og dafnað á þessum stað og haldið þeim viðburðum úti sem vaxandi áhugi er fyrir. Flugsport á þessum stað myndi staðna og dofna sökum þrengsla og kvartana frá íbúum. Við sjáum hvað er að gerast á Selfossi. Horfum fram á við og færur flugvöllinn áður en skaðinn skeður.

Varðandi reiðhöll þá var enginn annar staður í boði hér í sveit fyrir hestamannafélagið en Torfdalurinn. Þeir urðu að hafa skipulagt svæði til að geta sótt um styrkinn sem þeir svo fengu og er það mikið gleðiefni fyrir alla. Ef félagið hefði haft eitthvað val um svæði efast ég ekki um að þeir hefðu hugsað sig tvisvar um með staðsetninguna. Ég sjálf sem hestamanneskja veit hvernig þróunin er annarstaðar á landinu.



Allstaðar eru reiðhallir og hesthús byggð í jaðri þéttbýlis en ekki í miðju íbúðarhverfi. Þar er þröngt og enginn möguleiki á stækkun né eflingu reiðvallar og starfs í kringum hestamennsku. Það þykir ekki öllum hestalyktin góð. Það er nauðsynlegt að hugsa fram í tímann í þessu eins og öðru. Það vita allir hvað er að gerast í Kópavogi með hesthúsin hjá Gusti.

Norðan við flugvöllinn er skipulagt heshúsahverfi og það er engin spurning að þar væri best fyrir reiðhöll að rísa og nóg pláss fyrir velli og miklu betur í sveit sett en ofaní Torfdalnum. Þetta eru staðreyndir sem þarf ekki að rífast um og nú er það í höndum meirihluta hreppsnefndar að taka upp þetta mál og leysa það í samvinnu við flugáhuga-fólk og hestafólk. Það er áskorun að takast á við svo stór mál. Óska sveitungum mínum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir árið sem er að líða.

Esther Guðjónsdóttir Sólheimum.

### Sundlaugin á Flúðum:

**Opnunartími um jól og áramót: 23,24,25 og 26. des LOKAÐ  
27.og 28. des. 16:00-21:00 29. des LOKAÐ 30. des.10:00-18:00  
31. des og 1.jan. LOKAÐ.**

Ípróttahúsið á Flúðum—tækjasalur.

Opnunartími um jól og áramót: 23. des til 26. des er **LOKAÐ**  
27 og 28. des opið frá 15:30-21:00.

29. des opið frá 15:30-20:00

30,31 des 2006 og 1. jan 2007 **LOKAÐ**

### **Hestamiðstöðin Langholtskoti**

Tek hross í tamningu og þjálfun.

Hef einnig til leigu aðstöðu fyrir hross og folöld í innifóðrun.

Manni Langholtskoti sími. 899 0772

Gömul ljósritunar-vél fæst gefins—  
ef hún verður sótt.

Sími: 892 2370

Pálmar

# Skötu- og pizzuveislan 2006



Þorláksmessudag kl. 11.00 – 22.00



Hefð hefur skapast fyrir því að

haldin er skötuveisla í golfskálanum á Þorláksmessudag. Við ætlum að endurtaka leikinn í ár. Opið verður frá kl. 11.00 til 22.00. Verð á mann í skötuhlaðborðið er 1.350 kr. m.v. 15 ára og eldri, frítt fyrir 14 ára og yngri og veittur er 10% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja.

Boðið verður upp á skötu af ýmsum styrkleikum, saltfisk og viðeigandi meðlæti. Fyrir þá sem ekki leggja í fiskmetið verða seldar pizzur af matseðli.

Við óskum öllum sveitungum okkar og öðrum viðskiptavinum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Verið velkomin til okkar á Þorláksmessu. Píanó á staðnum fyrir þá sem vilja leika nokkur jólalög.

Með hátíðarkveðju

Starfsfólk

Kaffi-Sels Símar:  
486-6454/891-7811



Netfang: [info@efra-sel.is](mailto:info@efra-sel.is)





VIOLA snyrtistofa á Flúðum  
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

*Andlitsbað*

*Húðhreinsun*

*Litun og plokkun*

*Handsnyrting*

*Fótsnyrting*

*Förðun*

*Vaxmeðferðir*

*Tímamantanir í síma 566-8342*

*og 856-1599(Hlíf)*



### Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna  
föstudagana 15. des, 5. jan  
og 12. jan.

Pantið tímanlega.

Tímamantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.

Minni einnig á Hárgreiðslustofuna í Árnesi

Sími 893-6084



### Til sölu..

Hlaupabretti ársgamalt, sama og ekkert notað Verð 55.000

Elín Stefánsdóttir S:186 6655/866 1770

### **Gefins húsgögn!!**

Vantar einhvern rúm,90x200, með járnögflum,einnig rúm,  
120x200 og sófaborð.

Fæst gefins gegn því að verða sótt.


Upplýsingar í síma 822 6617 Valdís

Stórt og vandað skrifborð til sölu fyrir lítinn pening.

Uppl. í síma 869 3094



# Rafverktaki



Fjalla raf  
sími 662-0530

Hjörleifur Ólafsson  
Löggiltur rafvirkjameistari

Sími: 4806600

**Flugeldamarkaður  
Flugeldasala Björgunarfélagsins  
vindar hefst  
28. desember 2006 í húsi  
félagsins.  
Nánar aulýst síðar**



---

**Frá launafulltrúa!!!!!!**

## **ÁRÍÐANDI TILKYNNING**

**Hlutaðeigandi eru minntir á að skila inn  
skýrslum um nefndalaun og önnurógreidd laun  
vegna ársins 2006 í síðasta lagi  
21. desember nk.**



## Leikskólafréttir.

Mörgum okkar finnst tíminn æða áfram þessa dagana, mikið um að vera og margt að gera. Hjá okkur íbúum í Undralandi er desember annasamur mánuður. Alla daga fram að jólum komum við saman í Hrunakrók, kveikjum á aðventukransinum sem börnin á Skógarkoti bjuggu til, syngjum jólalög og svo kemur hún Engilráð í heimsókn og spjallar við okkur og gefur okkur góð ráð, en mesta tilhlökkunin er þegar opnaðir eru dagatalapakkarnir.

Við böfum líka piparkökur og bjóðum foreldra sérstaklega velkomna. Í Undralandi geymum við ekki kökurnar í innsigliðum stömpum langt uppi á hillu, við borðum þær strax ylvolgar og ilmandi og rennum þeim niður með ískaldri mjólk.

Foreldrafélagið sá um að skreyta litla jólatréð okkar í garðinum og var kveikt á því þann 7. desember.

Skógarkot sýndi leikritið Draugapotturinn 12. desember á fagnaðarfundi leikskólans og mættu foreldrar og aðrir gestir. Leikritið var mjög spennandi, ákaflega sorglegt en sem betur fer endaði vel.

Sama dag heimsóttum við Heimaland þar fengum við að heyra kvæðið um hana Grýlu og kvæðið um Jólaköttinn, við sungum líka nokkur jólalög. Sumir hittu ömmu og afa og við fengum að skoða allt sem verið er að vinna við og svo fengu allir djús og piparkökur.

Kristjana Skúladóttir frá Miðfelli gaf nýlega út diskinn Obbosí! sem er einkum ætlaður yngri börnum, foreldrafélagið setti sig í samband við Kristjönu og ætlar hún að koma í leikskólann okkar 14. desember og syngja fyrir okkur lög af disknum sínum.

Ekki er allt búið enn, jólaballið verður 19. desember og þá mætir Undrabandið og spilar og syngur með okkur jólalögin og hver veit nema einhverjir jólasveinar reki inn nefið.

*Okkar bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt nýtt ár. Takk fyrir samstarfið á liðnu ári.*

Starfsfólk leikskólans

# Dreifibréf

til umráðamanna sauðfjár og geita í Árnessýslu austan Ölfúsár og Hvítár

Kunnara er en frá þurfi að segja, að riðuveiki hefur verið staðfst á Syðra-Velli í Flóa og hefur öllu fé verið lógað þar. Rannsókn heilasýna er lokið. Riðusmit greindist í alls um 20 kindum, eða nærri því fjórðu hverri fullorðinni kind. Fyrsta riðukindin kom fyrir í Hrunarétt í sept. Hún var með glögg einkenni um riðuveiki. Enn vantar veturgamla kind undan henni, sem gafst upp í rekstri á afrétti Hrunamanna og forustukind, sem fór á fjall í vor á afrétt Flóamanna, hugsanlega með riðueinkenni. Fjórar kindur veiktust á S-Velli í vor með torkennileg einkenni. Tveimur þeirra var lógað í sumar veikum og þær grafnar. Engan grunaði riðu þá. Þær voru grafnar upp í haust og veikin staðfest í þeim líka. Það sýnir að taka þarf alvarlega öll torkennileg einkenni. Riðusmit greindist einnig í 2 eðlilegum ám, sem lógað var heima og við niðurskurðinn fannst smitið í 12 kindum, sem virtust heilbrigðar. Kindur þær, sem riðusmitið greindist í voru á mismunandi aldri. Af þessu má draga þá ályktun, að veikin hafi verið á þessum bæ í nokkur ár, án þess að nokkrun hafi grunað það. Frá Syðra-Velli hafa verið látnar kindur til lífs á fáa bæi og önnur viðskipti svo sem hýsing á fé um skeið, sala á heyi o. fl. gætu hafa leitt til þess að smit hafi borist á aðra bæi. Rætt var um að e.t.v. væri mest öryggi í því að farga fé á þeim bæjum líka. Á almennum bænda fundi í Þingborg 16. október sættust menn á að biðja eftir niðurstöðum rannsókna á heilasýnum af fullorðnu fé og kanna viðskipti manna með sauðfé á svæðinu milli Þjórsár og Ölfúsár-Hvítár og annað sem máli gæti skipt varðandi útbreiðslu riðusmitsins, áður en skorið yrði niður á fleiri bæjum en S-Velli. Í því skyni hefur meðfylgjandi eyðublað verið gert „**Upplýsingar um sauðfjárþú vegna riðuhættu**“. Ætlast er til þess að menn færi sjálfir sem nákvæmastar upplýsingar um sauðfjárþúði bæði hvað varðar viðskipti með fé og hey og annað sem máli gæti skipt og spurt er um á blaðinu og geri grein fyrir vanhöldum og veikindum. Mikilvægt er vegna þess hve riðuveikin getur dulist lengi, að upplýsingarnar nái sem lengst aftur í tímann, tíu ár ef þess er kostur. Skrifstofu sveitarinnar er falið að dreifa blöðunum til allra. Fjárei-gendur sendi blöðin á skrifstofu sveitarinnar, sem kemur þeim svo til undirritaðs á Landbúnaðarstofnun. Dreifibréfi þessu og eyðublaðinu um riðuveikina fylgir fundargerðin frá Þingborgar fundi en í henni er fræðsla um þetta tilfelli og upplýsingar um einkenni riðuveikinnar og eðli. Menn eru hvattir til að geyma fundargerðina. Garnaveiki hefur breiðst út á svæðinu síðstu árin og valda miklu tjóni sums staðar. Eyðublað um bólusetningu og aðrar varnir fylgir með. Mikilvægt er líka að segja frá því, sem spurt er um þar. Á Þingborgar fundinum kom fram sú tillaga, að fá sveitarfélögin á fyr-rnefndu svæði til að tilnefna fulltrúa í heilbrigðisnefnd búfjár til samráðs og aðstoðar dýralæknum við að uppræta smitsjúkdóma (riðu og garnaveiki) og vera jafnframt, málsvarar og til upplýsinga fyrir umráðamenn fjár á svæðinu.

Fulltrúar hafa verið skipaðir af sveitarstjórnunum og eru þessir:

1 úr Árborg.....: Ari B. Thorarensen, s: 898 9130, tölvupóstfang: [arith@simnet.is](mailto:arith@simnet.is)

2 úr Flóahreppi....:

1 úr Skeið-Gnúp.:

1 úr Hrunam.hr....:

Boðað verður til fundar með fulltrúunum eins fljótt og unnt er og með sveitarstjórnarmönnum, sem þess óska og geta komið því við. Þar verður rætt um hlutverk fulltrúanna og nefndarinnar og farið yfir spurningalistana. Ætlast verður til þess að fulltrúarnir skrái, alla staði þar sem menn hafa sauðfé (geitur, hreindýr) og tryggji að allir umráðamenn á hverjum stað fái blöðin, kalli þau inn útfyllt, líti yfir þau, leiti eftir upplýsingum, sem vantar og aðstoði þá, sem ekki geta fyllt þau út eins og til er ætlast. Skilafrestur upplýsinganna er til .....

Þess er vænst að menn stundi alls ekki verslun eða flutninga milli staða með kindur eða geitur. Þess er vænst að menn láti vita um allan grun sinn um riðuveiki og garnaveiki. Þess er vænst, að menn láti ransaka en grafi alls ekki án rannsóknar kindur, sem eytt er vegna vegna tæringar eða torkennilegra veikinda. Þess er vænst að menn skili hausum af fullorðnu fé: **Sjálfdaudu, veiku, horuðu, eyddu, heimaslátruðu.** Einnig eftir atvikum garnasýnum aftast úr mjógörn við langa úr sama fé. Ef menn vilja láta athuga kindur, sem þeir eru í óvissu með varðandi riðugrun eða garnaveiki, ættu þeir að hafa samband við héraðsdýralækni eða undirritaðan. Þá verður séð til þess, að kindurnar verði rannsakaðar mönnum að kostnaðarlausu.

Með vinsemdarkveðju, **Sigurður Sigurðarson dýralæknir**  
sími: 892 1644, 530 4800 og -4832, 482 2220. Tölvupóstur er [sig-sig@hi.is](mailto:sig-sig@hi.is) og [sigsig@lbs.is](mailto:sigsig@lbs.is)

Öllum er sent: 1. Dreifibréf til fjáreigenda. 2. Fundargerð frá Þingborg. 3. Eyðublað v.riðu. 4. Eyðubl. v. garnaveiki

TÖLVUPÓSTFANG: [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is), [radhus@arborg.is](mailto:radhus@arborg.is),  
482 3260 /898 2668 480 1900

[skeidgnup@skeidgnup.is](mailto:skeidgnup@skeidgnup.is), [sigurdingi@simnet.is](mailto:sigurdingi@simnet.is)

486 6014

480 6600

# FLÚÐALEIÐ ehf . og FLYTJ- ANDI

Ferðaáætlun í uppsveitir Árnassýslu

Brottför frá Reykjavík (VM Flytjanda, Klettagörðum  
15): alla virka daga

**kl: 13.00.**

Brottför frá Selfossi (Húsasmiðjunni, Byko og Flytj-  
anda): alla virka daga **kl: 14.00.**

Aukaferð farinn frá Reykjavík

kl: 16.00 alla föstudaga.

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla áburðarsölu-  
aðila.

Allar nánari upplýsingar gefur Pálmar á Flúðum í  
síma: 892-2370

Aðrir símar:

Vöruafgreiðsla: 486-1070

Gregor: 892-2371

Halldór: 892-2372

Heimasími: 486-6685

Fax: 486-6693

Netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

**Flúðaleið ehf. og Flytjandi**





## Opnunartími Versl. Strax .

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

## Jólaopnun 2006

Þorláksmessa	10:00-19:00
Aðfangadagur	10:00-13:00
Jóladagur og annar í jólum	LOKAÐ
27. desember	10:00-19:00
28. desember	09:00-19:00
29. desember	09:00-19:00
30. desember	10:00-19:00
31. desember Gamlársdagur	10:00-13:00
Nýársdagur 01.01.2007	LOKAÐ
Þriðjudagur 02.01.2007	10:00-19:00

## JÓLAPÓSTKASSINN ER Á SÍNUM STAÐ

### TILBOÐSDAGAR

Í versluninni verður fjöldi sértílbóta 14-17. desember.



**15. og 16. desember verður auk þess veittur 10% afsláttur af öllum vörum verslunarinnar**

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax

GLEÐILEG JÓL





virðing vitneskja Hrunamannaleppur, 845 Flúðir, sími 4806610, fax 4806614, fludaskoli@fludaskoli.is

---

Starfsmann vantar í 70 % starfshlutfall í ræstingu við Flúðaskóla frá áramótum.

Vinnutími er samkomulagsatriði, laun samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og FOSS.

Upplýsingar veitir Ragnhildur Birgisdóttir aðstoðarskólalastjóri í síma 480 6610 og 480 6612  
[ragnhildur@fludaskoli.is](mailto:ragnhildur@fludaskoli.is)

---

Verkmenntakennara vantar til starfa við Flúðaskóla frá 1. janúar 2007, starfshlutfall er sammingsatriði getur verið frá 75% til 100%.

Vegna takmarkaðrar verkmenntakennsluáðstöðu er um að ræða kennslu í ýmiskonar hönnunarvinnu, nýsköpun og nýtingu skógarins.

Flúðaskóli er þátttakandi í verkefninu Lesið í skógin með skólum, verkmenntakennari er mikilvægur í þeirri vinnu.

Umhverfi Flúðaskóla býður upp á spennandi tækifæri fyrir áhugasaman kennara um útikennslu, grenndarskógur skólans er í um 100 metra fjarlægð frá skólanum og því auðvelt að nýta sér hann í kennslu.

Þegar er hafinn undirbúningur að hönnun nýrrar verkmenntastofu við skólann sem verður tilbúin haustið 2007.

Áhugasamir hafi samband við

Ragnhildi Birgisdóttur aðstoðarskólalastjóra

í síma 4806610 eða 4806612

[ragnhildur@fludaskoli.is](mailto:ragnhildur@fludaskoli.is)

## Þakkarávarp.



Það vita það að sjálfsögðu allir, hér í sveit líkt og annarsstaðar að jólasveinarnir eru ekki komnir til byggða, koma ekki fyrr en 12. des. En sumir hafa svo mikið að gera á þessum stutta tíma að þeir verða að skreppa! helst í byrjun jólaföstu til að sinna jólaundirbúningi í Hrunamannahreppi.

Þar á meðal eru þrír jólasveinar, sem hafa mætt á túnið hjá Heimalandi snemma í desember, hressir og kátir jafnvel þó að sé frost og kuldi, með lyftara, tól og tæki, til að

lýsa upp jólatréð okkar, sem stækkar með hverju árinu, hér á túninu.

Þetta er mikill yndisauki fyrir okkur íbúana í Vesturbrún 10-20 og vonandi marga aðra á þessum slóðum og jafnvel vegfarendur. Þessir þrír jólasveinar hafa komið hér, árvísst síðastliðin 10-12 ár, án þess að kvabbað sé í símana þeirra og aldrei ætlast þeir til þess að fá krónu fyrir verkið.

Ljósanna höfum við svo notið yfir hátíðarnar. Við vonum svo sannarlega að þeir viti hvað við erum þakklátar í húsunum hérna. Innilegar þakkir jólasveinar. Þessir sömu þrír jólasveinar koma hingað svo aftur snemma í janúar með sömu útgerð og taka niður jólaljósinn, ganga frá þeim í kassa og láta þau á sinn stað í kjallaranum.

Gerir aðrir betur.

Við sendum þessum jólavinum okkar einlæggar óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár.

Kærar kveðjur  
Íbúar í Heimalandi.

### **Frá barnaskemmtunarnefnd Kvenfélagsins.**

Barnaskemmtunin verður haldin föstudaginn 29. desember kl. 14:00 í Félagsheimili Hrunamanna.

Skemmtunin verður með hefðbundnu sniði.

Munið eftir kökunum!! Nánar auglýst síðar

Barnaskemmtunarnefndin

## Fréttir frá Unglingadeildinni Skúla

Eins og margir vita er starfandi unglíngadeild björgunarsveitarinnar Sigurgeirs og björgunarfélagsins Eyvindar sem heitir Skúli. Í haust hefur ýmislegt verið gert, deildin hefur farið í ferð á Gufuskála þar sem farið var í rústarbjörgunargöngin, að sigla með björgunarskipinu, hnútakennslu, smá átta- vitakennslu, auk þess sem ýmislegt annað var skemmtilegt var gert. Einnig hefur deildin verið á námskeiðinu Björgunarmenn í aðgerðum. Auk ýmislegs annars

Deildin er búin að kjósa sér stjórn og er hún svona:

Form. *Hjördís Bára Sigurðardóttir Laxárdal.*

Varaform. *Baldur Örn Samúelsson Bryðjuholti*

Gjaldk. *Auður Olga Arnarsdóttir Gunnbjarnarholti*

Ritari. *Árný Fjóla Ásmundsdóttir Norðurgarði*

Meðstjórnandi: *Eypór Ingi Eypórsson Árnesi*

Umsjónamenn deildarinnar eru

*Halldóra Hjörleifsdóttir Fossi og Petrína Þórunn Jónsdóttir Laxárdal.*

Í byrjun febrúar verður inntaka nýrra félaga í deildina. Nánari tímasetning verður auglýst síðar. Deildin er með bloggsíðu og slóðin á hana er <http://www.blog.central.is/ud-skuli> þar eru allar nánari upplýsingar um deildina.



Unglingadeildin Skúli óskar ykkur  
Gleðilegra Jóla og farsældar á komandi ári.



Björgunarfélagið Eyvindur sendir öllum Hrúna-  
mönnum og nærsveitungum óskir um gleðileg jól  
og gæfuríkt komandi ár  
Með von um að árið 2007 verði slysaust ár.

### **Villibráð.**

Hreindýrakjöt til sölu. Úrbeinað og vagúmpakkað. Til-  
valið í hátíðamatinn.

Sími 899-1169

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**

*Kæru vinir og sveitungar.*

*Við þökkum innilega hlýhug og vináttu okkur sýnda á  
erfiðum tímum í haust.*

*Guð gefi ykkur öllum gleði og frið um jólin  
og gæfuríkt komandi ár.*

*Þess óskar fjölskyldan í Skipholti III  
sem verður heima eftir hádegi laugardaginn 16.des.  
og býður, þeim sem mega vera að því að kíkja við,  
upp á heitt súkkulaði og smákökur*

## Hrunaspjall

### Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

*Velkomin vertu, vetrarperlanfríð síblessuð sértu signuð jólatíð...*

Svo kveður eitt af sálmaskáldum okkar og víst er um það að engin hátíð eða atburður hefur viðlíka sess í sálarlífi þessarrar þjóðar sem hér lifir saman á eyju úti í reginhafi.

Og enn eru menn að yrkja um jólin og nú syngja þeir um mayonnaise jól og sætinda jól, súkkulaði og karamellu jól.

Spámenn Gamla testamentisins klipu í bólgin grafrakýli þjóðar sinnar og kreistu meðan fólkið rak upp ramakvein og reyndi að berja þá frá sér. Þeir voru sannarlega ekki vinsælir meðal síns fólks þótt síðar sæji það sannleikann í orðum þeirra.

Alltaf eru einhverjir sem tala spámannlega og það eru aldeilis ekki alltaf þeir sem þiggja laun fyrir hlutverk sín.

Á jólum lítum við til baka og rifjum upp hvernig kristin trú varð til. Hún varð til í grasrótinni meðal fólks sem ekkert átti og gerði ekki tilkall til neins, nema kannski þess að fá að lifa í friði. Í smækkaðri mynd af aldingarðinum Eden þar sem dýrin liggja jórtrandi saman, óhrædd í ró, fæðist hinn nýji Adam, sáttargjörðin milli himnis og jarðar. -Himneskir herskarar syngja, jarðneskir erfiðismenn eru til vitnis-.

Við fáum óbragð í munninn og illt í magann af eintómu mayonnaise og glassúr, það þarf eitthvað meira, það þarf undirstöðu og innihald. Hið sama gildir um hátíð jólanna við eigum að hugsa um meira en eigin munn og maga. Jólin eiga að vera tíminn þegar við látum gott af okkur leiða, leggjum raunveruleg lóð á vogarskál réttlætis og kærleika. Gefum og styðjum þau sem standa höllum fæti. Réttum fram sáttahönd þar sem þess er þörf.

Þá er hinn sanni jólaandi að völdum þá verður hið rétta, heilnæma, jólabragð á tungu.

*...Guðs frá gæsku hendi gulli dýrra hnoss. Þökk sé þeim, er sendi, þig, svo gleðjir oss.*



## Helgihald um jólin:

Aðfangadagskvöld, kl.23:00 helgistund í Hrepphólum

**Jóladagur: Kl: 11 Hátíðarmessa í Hruna**  
**Kl.14. Hátíðarmessa í Hrepphólum**

Í fyrra gerðum við tilraun með helgistund í Tungufellskirkju á gamlársgl. Þetta var einstök stund í huga okkar sem þar vorum saman komin, við kertaljos og kul í lofti.

Því viljum við endurtaka þetta og ætlum að koma saman í

**Tungufellskirkju á gamlársgl kl.16.**

Mikilvægt er að klæða sig vel og kannski væri ágætt að hafa meðferðis lítið vasaljós til að lesa af sálmabók í rökkrinu.

Guð gefi oss öllum gleðileg jól.


Eiríkur Jóhannsson

Jólatrésala Björgunarfélagsins Eyvindar

Verður í húsi félagsins á Flúðum

Laugardaginn 16. desember frá kl 13:00 til  
18:00 og

Sunnudaginn 17. desember frá kl 14:00 til 18:00



Verðum með allar helstu tegundir af trjám eins og undanfarin ár.

Heyrst hefur að rauðklæddir sveinar, sem Grýla hleypti að heiman, komi að heimsækja okkur á Sunnudaginn uppúr kl 15:00

Vonumst við til að sem flestir komi og kaupi sér tré og styrki með því gott málefni.

## Frá Brunavörnum Hrunamannahrepps

Nú líkt og undanfarin ár verðum við á ferðinni fyrir jólin og bjóðum húsráðendum að yfirfara reykskynjara og skipta um rafhlöður. Veitum einnig ráðleggingar um æskilegan fjölda, staðsetningu og tegund skynjara. Ennfremur getum við tekið þau slökkvitæki í yfirferð sem þurfa þykir.

Höfum til afgreiðslu allan helsta eldvarnabúnað.

Reykjaskynjara, bæði optiska og jóníska.

Slökkvitæki, léttvatns, duft og kolsýrutæki.

Eldvarnateppi.

Pössum upp á kertaskreytingarnar

Gerum flóttaráætlanir og æfum viðbrögð við eldsvoða

Slökkviliðsstjóri

Jóhann Marelsson sími 894 6801

Eldvarna og jólakveðjur

### **Od Straży Pożarnej Hrunamannahrepps**

Tak ja w poprzednich latach przed Świątami Bożego Narodzenia będziemy odwiedzać domostwa, będziemy sprawdzać czujniki przeciwpożarowe i wymieniać baterie. Doradzimy czy jest odpowiednio dużo czujników, zaproponujemy ich rozmieszczenie , oraz rodzaj jaki trzeba zastosować w danym miejscu. Bierzemy również gaśnice do regeneracji.

Posiadamy do sprzedaży wszelkiego rodzaju sprzęt przeciwpożarowy:

Czujniki przeciwpożarowe, gaśnice, koce przeciwpożarowe .

Zwróćmy uwagę na ozdoby świąteczne ze świeczkami !

Robimy plany ewakuacyjne, pokazujemy jak się zachować w czasie pożaru.

Dowódca Straży

Poża

Jóhann Marelsson tel 894-68-01



# Smárafréttir

Ágætu félagar

Þá styttist í að allt fari á fullt og menn og málleysingjar fari að vinna í hesthúsunum. Það stendur til að vera með kennslu fyrir börn og unglinga í vetur. Félagið kemur til með að greiða hluta af kostnaði en ekki er alveg komið á hreint ennþá hversu mikið það verður en verður auglýst með góðum fyrirvara. Það er verið að vinna að áætlun um hvernig fyrirkomulagið verður.

Þá verða mótin á sínum stað og einnig stefnum við að því að reyna að koma á ístöltkeppni einhvertímenn í vetur en það verður jú að fara eftir veðri og þá auglýst með skömmum fyrirvara.

Eins og flestir vita fengum við 15 milljóna styrk til að byggja reiðhöll. Ákveða þurfti fyrir 1 des hvort ætti að þiggja styrkinn eða ekki. Styrkurinn hefur verið þeginn og er vinna við verkefnið í fullum gangi, hefur m.a. verið gerð verðkönnun hjá nokkrum aðilum sem hafa uppá svona hús að bjóða.

Það hefur alltaf verið og er enn markmið okkar í stjórninni að gera þetta án þess að þurfa að taka lán því svona hús eða félagið bera ekki miklar afborganir af slíku. Margir hafa komið að máli við mig og eru tilbúnir að vera með svo að við erum bjartsýn á að þetta takist eins og við höfum reyndar alltaf verið þrátt fyrir að einhverjar neikvæðar raddir heyrist, þær eru jú alltaf uppi þegar svona framkvæmdir standa fyrir dyrum.

*Gleðilega hátíð ágætu félagar og takk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða. Hafið það sem allra best um hátíðarnar.*

*Kveðja Stjórn Hestamannfélagsins Smára.*

## Alveg tær snilld!

Í lok árs er vel við hæfi að skyggjast aðeins aftur í tímann og draga saman það sem hefur verið gert á árinu sem er að renna sitt skeið en við hjá Kvenfélaginu erum á þeirri skoðun að allt sem við höfum verið að gera á þessu ári, sé hrein og tær snilld!

Okkur kvenfélagskonum finnst reyndar mörgum hverjum sem tíminn sé að þrengja að okkur. Tíminn þar sem allir hafa of mikið að gera, margir gleyma að huga að lítilmagnanum og margir gleyma að það að gefa af sjálfum sér, er það sem gefur lífinu gildi. Þess vegna finnst okkur mikilvægt að benda á það sem við erum að gera og vonast þar með til að aðrir í samfélaginu leggi okkur lið og taki þátt í að sinna því sem svona félagsskapur stendur fyrir þ.e. að standa saman að því að gera gott samfélag að enn betra samfélagi.

Á árinu hefur Kvenfélag Hrunamannahrepps staðið fyrir mörgum samkomum og uppákomum og að auki séð um erfisdrykkjur og kaffisölu á öðrum vettvangi.

**Skemmtifundurinn** var haldinn með pomp og pragt snemma árs og tóku rúmlega 100 konur þátt í þeim fagnaði. Þar komu konur saman til að skemmta sér og öðrum, nutu góðra veitinga, hlustuðu m.a. á frábæran tónlistarflutning Guðrúnar Árnýjar og voru að endingu leystar út með gjöfum.

Í sumar var öflugt starf innan félagsins. **Reiðtúrshnefnd** stóð fyrir afar skemmtilegum reiðtúr þar sem markmiðið var að fara stuttan reiðtúr og skemmta sér saman á vel völdum stöðum. **Skemmtiferð í bíl**, sem varastjórn stóð fyrir, tókst með eindæmum vel en komið var við á nokkrum menningarsetrum á Stór-Reykjavíkursvæðinu og endað í kvöldverði í Hvalfirðinum þar sem ónefndur bæjarstjóri tók á móti okkur með söng, daðri og óræðum vísum. Á heimleiðinni birtist Sylvía Nótt okkar kvenfélagskvenna og tók fyrir okkur nokkrar vel valdar setningar. Sem sagt, ógleymanleg ferð, uppbyggileg og skemmtileg í alla staði. **Skemmtiferð eldra fólksins** tókst einnig afar vel en Kvenfélagið býður eldri borgurum alltaf í eina ferð á ári og stendur jafnframt fyrir **opnu húsi** að vori. Sú samkoma var vel sótt og til fyrirmyndar. **Fjáröflunarnefnd** hefur staðið í stórræðum allt árið og hefur komið að Iðandi dögum, 17. júní, fjáröflunardeginum 1. sunnudag í aðventu og fleira má telja.



**Erfisdrykkjur** hafa verið fimm. Félagið sér um kaffi hjá eldri borgurum einu sinni í mánuði og einnig höfum við séð um kaffi og veitingar á nokkrum fundum. **Námskeiðanefnd** hefur staðið að fjölbreyttum námskeiðum og sá einnig um jólafundinn. **Barnaskemmtunin** verður haldin milli jóla- og nýárs eins og hefðin býður upp á. Kvenfélagið tók einnig þátt í **fjölpjóðadeginum** en það var afar ánægjulegt að fá tækifæri til að vera með á þeim degi.

Kvenfélagið styður með fjárstyrkjum á ýmsan hátt við bæði stofnanir og einstaklinga í samfélaginu og ber hæst þetta árið, styrkur sem við færðum Stuðningsbraut Flúðaskóla en fjáröflunarnefnd síðasta árs, lét ágóða af bingói í upphafi aðventu á síðasta ári, renna til brautarinnar. Einnig styrktum við Skólakór Flúðaskóla nú í ár. Að endingu má nefna **Freyjusjóðinn** okkar en úthlutun úr honum mun fara fram í fyrsta skipti 2008. Markmið sjóðsins er að styrkja stúlkur úr Hrunamannahreppi til náms eða annarra starfa.

Þrír fundir eru haldnir á ári en það eru aðalfundur, vorfundur og haustfundur, fyrir utan jólafundinn sem námskeiðanefnd sér ávallt um og skemmtifundinn sem sérstök nefnd sér um. Öllum þeim fjölmörgu konum sem starfað hafa á vegum Kvenfélagsins eru þökkúð óeigingjörn og vel unnin störf.

Að þessu öllu töldu má sjá að Kvenfélag Hrunamannahrepps kemur víða við í samfélaginu og vonandi að allir sem hafa þegið þjónustu okkar eða tekið þátt í samkomum á okkar vegum, hafi notið vel. Framundan á nýju ári er síðan áfram skemmtilegt og uppbyggilegt starf, fyrir bæði sál og líkama.

Það er von okkar að þú sem lest þetta, sjáir að kvenfélag er ekki bara stofnun eldri kvenna sem gerir ekkert annað en að baka eins og virðist vera skoðun svo margra. Ef þú ert kvenkyns og ekki í Kvenfélaginu, þá hugleiddu það í alvöru að það er ómetanlegt fyrir þig að geta lagt þitt af mörkum til að svona starf geti blómstrað og þróast í nútímaátt. Það gerirðu með því að taka þátt. Það gerirðu með því að starfa með Kvenfélaginu. Vertu velkomin.

Stjórn Kvenfélagsins skipa: Anna Ásmundsdóttir, formaður, Arnfríður Jóhannsdóttir, gjaldkeri, Margrét Óskarsdóttir, ritari. Í vara-  
stjórn eru: Helena Eiríksdóttir, Mildrid I. Steinberg og Ragnhildur

Þórarinsdóttir

.Á aðventu, með þakklæti í huga.

Stjórn Kvenfélags Hrunamannahrepps



## Frá Bókasafni Hrunamanna

### Lestur er fyrir hugann eins og hreyfing fyrir líkamann.

Nú eru komnar margar nýjar bækur á bókasafnið.

Jólabækurnar eru merktar til skammtímaláns, sem þýðir að lánþegi getur haft bókina í **2 vikur**. Flestir gera sér ljóst að margir hafa áhuga á að lesa nýju bækurnar og eru því fljótir að skila þeim.

#### Í flokki barna- og unglingsbókmennta má m.a. nefna:

Gula sendibréfið	Sigrún Eldjárn
Sagan af undurföggu prinsessunni	Margrét Tryggvadóttir
Stór skrímsli gráta ekki	Áslaug Jónsdóttir
Benedikt búalfur: Svarta nornin	Ólafur G. Guðlaugsson
Amma fer í sumarfrí	Björk Bjarkadóttir
Fíasól á flandri	Kristín Helga Gunnarsd.
Öðruvísi saga	Guðrún Helgadóttir
Rósalind prinsessa í jólasþingi	Monika Finsterbusch
Land henna týndu sokka	Gerður Kristný
Háski og hundakjöt	Héðinn Svarfdal Björnss.
Kossar, knús og málið er dautt!	Bryndís J. Magnúsdóttir
Einhyrningurinn minn: Máttugri en töfrar	Linda Chapman
Gæsa húð 10: Hvíti björninn	Helgi Jónsson
Eragon: Öldungurinn	Christopher Paolini
Drekafræði	Dr. Ernest Drake
Artemis Fowl: Eyjan týnda	Eoin Colfer
Áfram prinsessa	Meg Cabot
Ég er ekki dramadrottning	Sif Sigmarsdóttir

Ög nýjar bækur um Bubba byggir, Snúðru og Tuðru, Skúla skelfir, Spiderwick-sögurnar, Guinness World Records 2007 og fleiri og fleiri skemmtilegar, fróðlegar og spennandi barna- og unglingsbækur.

Ög ekki má gleyma vinsælu Disney-syrpunni og Galdrastelpu-blöðunum.

Nú í desember er tilvalið að koma á bókasafnið og fá lánaðar skemmtilegar jólasögubækur og einnig má þar finna mikið úrval föndurbóka.

## Í flokki skáldsagna má meðal annars nefna:

Aldingarðurinn	Ólafur Jóhann Ólafsson
Konungsbók	Arnaldur Indriðason
Sér grefur gröf	Yrsa Sigurðardóttir
Sendiherrann	Bragi Ólafsson
Tryggðarpanturn	Auður Jónsdóttir
Ein og hálf bók; hryllileg saga	Guðbergur Bergsson
Á eigin vegum	Kristín Steinsdóttir
Sá yðar sem syndlaus er	Ævar Örn Jósepsson
Morðið í Rockville	Stella Blómkvist
Nótt úlfanna	Tom Egeland
Þrettánda sagan	Diane Setterfield
Viltu vinna milljarð?	Vikas Swarup
Hugarfjötur	Paulo Coelho

Og fleiri áhugaverðar skáldsögur eftir íslenska og erlenda höfunda.

Einnig í flokki fræði- og ævirita: Ísland í aldanna rás 1800-1899, Í skugga alzheimers, Seiður lands og sagna: Vestur undur jökul, Ljósíð í Djúpinu, Stelpan frá Stokkseyri, Hernaðarsaga Íslands 1170-1581, Lífskraftur á landi og sjó, Fall Berlínar 1945, Af höfundi Þykkskinnu, og fleiri fróðlegar bækur.

Nýtið ykkur þann fjársjóð sem bókasafnið hefur að geyma.

## OPÍÐ:

**Mánudaga Kl. 20-21**

**Þriðjudaga Kl. 16-18**

**Miðvikudaga Kl. 16-18**

**Fimmtudaga Kl. 16-18**



**MUNIÐ: Lestrarstund er gæðastund.**

**Velkomin í bókasafnið – Gleðileg bókaþól J .**

Félagsheimilinu Flúðum  
Sími 486 6708

Stækoma þrá með  
**trukki**

*Landflutningar*  
**SAMSKIP**

**Brottför frá Flúðum**  
**Kl. 08:00 mánud. til föstudaga.**  
**Brottför frá Landflutningum Reykjavík**  
**Kl. 12:00 mánud. til föstudaga.**  
**Vöndull ehf Högnastíg 1.**  
**Jóhann Unnar Guðmundsson.**  
**Sími: 856-1580**



**KB BANKI**

**Hraðbankinn**  
er opinn allan sólarhringinn.

**Afgreiðslutími á Flúðum:**  
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00  
Viðtalstími bankastjóra á  
miðvikudögum 13:30-15:45

**Sími. 480-4700.**



Jól í gróðurhúsinu





Hrunamannahreppur

Desember 2006  
Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Ísólfur Gylfi Pálmason  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Hrunamannahreppur  
Akurgerði 6  
845 Flúðir

Sími: 4806600

## Jólin nálgast

Íbúar Hrunamannahrepps eru í óðaönn að skreyta híbýli sín og undirbúa jólin. Þessa fallegu mynd hér að neðan tók Hannibal Kjartansson, veitustjóri af Miðfellinu en það er einmitt eitt af táknum í hinu nýja merki hreppsins. Megi allir lesendur Pésans eiga góð og gleðileg jól og gæfuríkt nýtt ár.



Jólasól í Hrunamannahreppi

Ljósmynd Hannibal